

229. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÁNUDAGUR 2. FEBRÚAR 2015 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Kirkjuþing 2014
10. fundur 17. janúar 2015
Ályktanir þingsins
3. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs – erindisbréf/starfslýsing
4. Reglur um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs
5. Frumvarp til laga um breyting á þjóðkirkjulögum (aukin verkefni kirkjuþings)
6. Skipan stjórnar Skálholt og erindisbréf stjórnar
7. Fasteignir
 - a. Húsnæðismál Biskupsstofu – tilboð
 - b. Endurbætur á Kirkjuhúsinu
 - c. Austurvegur í Hrísey – tilboð
 - d. Hrúni, ágreingismál um girðingar – sáttatillaga
 - e. Styrkumsókn – Bára Friðriksdóttir
8. Fjármál
Viðbótarfjárveiting vegna Hóladómkirkju
9. Önnur mál
 - a. Álagning afgjalds á prestssetrum fyrir 2015
 - a. Samskipti við Framkvæmdasýslu ríkisins vegna Skálholtsskóla
 - b. Eyrabakkaprestakall (minnisblað frá sr. Elínborgu Gísladóttur)

1. FUNDARSETNING

Fundurinn hófst kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri, sat fundinn undir fyrstu þremur dagskrárlíðunum. Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, sat fundinn undir fyrstu þremur dagskrárlíðunum og einnig sjöunda dagskrárlíð.

Guðmundur Þór Guðmundsson, sviðsstjóri fasteignasviðs, sat fundinn undir sjötta dagskrárlíð sem og dagskrárlíð 9 a og b.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 228. kirkjuráðsfundar var samþykkt.

2. KIRKJUBING 2014

Tíundi og síðasti fundur kirkjubings 2014 var haldinn í Neskirkju 17. janúar sl. Ályktanir þingsins voru lagðar fram til kynningar.

3. FRAMKVÆMDASTJÓRI KIRKJURÁÐS

Kirkjuráð samþykkti á fyrri fundi sínum að fela Ragnhildi Benediktsdóttur að sinna starfi framkvæmdastjóra kirkjuráðs þar til nýr framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn.

Kirkjuráð samþykkti að auglýsa eftir framkvæmdastjóra. Kirkjuráð samþykkti að leita tilboða frá ráðningarstofum í verkefnið.

4. REGLUR UM STJÓRNSÝSLU OG STARFSHÆTTI KIRKJURÁÐS

Reglur um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs voru lagðar fram til umræðu og samþykktar.

Kirkjuráð samþykkti reglur um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs.

5. FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á ÞJÓÐKIRKJULÖGUM

Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum er til meðferðar Alþingis. Lagt er til að ákvæði um úrskurðarnefnd verði áfram inn í lögnum.

Framkvæmdastjóri kynnti meðferð Alþingis á frumvarpinu.

6. SKIPAN STJÓRNAR SKÁLHOLTS OG ERINDISBRÉF STJÓRNAR

Kirkjuráð samþykkti erindisbréf stjórnar Skálholtsstaðar.

Kirkjuráð samþykkti að skipa eftirfarandi aðal- og varamenn í stjórn Skálholtsstaðar. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára.

Aðalmenn

Formaður: Drífa Hjartardóttir, bóndi og kirkjuþingsmaður
Kristófer Tómasson, sveitastjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Sr. Þorvaldur Karl Helgason, fyrrv. biskupsritari

Varamenn

Þórarinn Þorfinnsson, bóndi
Jónína Bjartmarz, lögfræðingur og kirkjuþingsmaður
Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari

7. FASTEIGNIR

a) Húsnæðismál Biskupsstofu – tilboð

Tilboð í Biskupsstofu Laugaveg 31, frá Reginn Fasteignafélagi lagt fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að hafna tilboðinu.

b) Endurbætur á Kirkjuhúsinu

Minnisblað verkefnisstjóra fasteignasviðs um ástand húsnæðis Biskupsstofu, Laugavegi 31, lagt fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti fjárveitingu úr Kirkjumálasjóði að upphæð 3 m.kr. til að hægt verði að ráðast í þær nauðsynlegu endurbætur á húsnæði Biskupsstofu, samkvæmt tillögum verkefnisstjóra fasteignasviðs.

c) Austurvegur í Hrísey – tilboð

Kauptilboð lagt fram í Austurveg 9 630 Hrísey, að upphæð 8 m.kr.

Kirkjuráð samþykkti kauptilboðið og samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ljúka samningagerð þar að lútandi.

d) Hruni, ágreingismál um girðingar – sáttatillaga

Minnisblað vegna málaferla um girðingarkostnað milli prestssetursjarðarinnar Hruna (Hrunaheiða) og lögbylisins Tungufells lagt fram til kynningar.

Sviðsstjóri fasteignasviðs kynnti sáttatilboð lögmanna Suðurlands, f.h. Hrunamannahrepps.

Kirkjuráð taldi eðlilegt að ljúka ágreiningsmálinu í þeim farvegi sem það er þegar í, þ.e. fyrir dómstólum.

e) Kauptilboð lögmanna Suðurlands, f.h. Hrunamannahrepps Flúðum, í afréttareign Hrunaheiða frá 9. janúar 2015 lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að hafna tilboðinu.

8. FJÁRMÁL

a) Hóladómkirkja og Auðunarstofa.

Endurskoðuð áætlun Hóladómkirkju og Auðunarstofu fyrir árið 2015 frá 29. janúar sl. lögð fram.

Kirkjuráð samþykkti að veita úr Jöfnunarsjóði sókna 1 m.kr. til viðbótar fyrri ákvörðun kirkjuráðs.

b) Styrkumsókn frá séra Báru Friðriksdóttur dagsett 29. janúar sl.

Kirkjuráð samþykkti að hafna erindinu.

9. ÖNNUR MÁL

a) Álagning afgjalds á prestssetrum fyrir 2015 lagt fram til kynningar.

b) Samskipti við Framkvæmdasýslu ríkisins vegna Skálholtsskóla.

Kirkjuráð bókaði á fundi sínum 16. desember sl.: „Skólahúsnæðið sem þarfnast endurbóta er sá hluti sem byggður var fyrir 12 árum. Fram kemur í skýrslu Verkís að orsakir rakaskemmda megi m.a. rekja til þess að ranglega hafi verið staðið að frágangi þaks og glugga í upphafi. (...)“

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við sviðsstjóra fasteignasviðs að könnuð verði réttarstaða kirkjunnar gagnvart þeim aðilum sem önnuðust byggingu gistiálmunnar í Skálholti fyrir 12 árum svo og Framkvæmdasýslu ríkisins, sem annaðist eftirlit með framkvæmdunum á sínum tíma.“

Sviðsstjóri fasteignasviðs greindi frá fundi sínum með fulltrúum Framkvæmdasýslu ríkisins vegna Skálholtsskóla þar sem framagreind skýrsla Verkís var kynnt. Sviðsstjóri hefur rætt þetta mál við lögmann Biskupsstofu og er stefnt að því að skila kirkjuráði álitsergerð um réttarstöðu Kirkjumálasjóðs gagnvart Framkvæmdasýslu ríkisins.

c) *Eyrarbakkaprestakall.*

Minnisblað *um sameiningu Eyrarbakkaprestakalls*, frá Elínborgu Gísladóttur, kirkjuráðsmanni, lagt fram til kynningar. Biskup upplýsti að fundur hafi þegar verið haldinn með heimamönnum um tillögu að sameiningu Eyrarbakkaprestakalls og Þorlákshafnarprestakalls.

Kirkjuráð mun halda vinnufund miðvikudaginn 25. febrúar nk.
Næsti almenni fundur kirkjuráðs verður þriðjudaginn 10. mars nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50

Agnes M. Sigurðardóttir
Biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari